

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari  
Dags. 8. ágúst 2019  
Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - Tilboð í íbúð 0201

Þann 26. júní sl. fóru íbúðir í Sindragötu 4a, Ísafirði í sölu. Á 1066. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúðir nr. 0204 í fasteigninni. Á 1067. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúðir 0202, 0203 og 0302. Á 1068. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúð 0205. Því eru fimm íbúðir seldar í fasteigninni að svo stöddu.

Eftirfarandi tilboð hefur að auki borist í íbúðir í eigninni:

1. **Tilboð í íbúð 0201**, dags. 8. ágúst 2019. Tilboðið stóð til kl. 16:00 9. ágúst og var boðið uppsett verð í íbúðina. Kauptilboðið er gert með fyrirvara um sölu fasteignar sinnar. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.
2. **Tilboð í íbúð 0104**, dags. 21. ágúst 2019. Tilboðið stóð til kl. 16:00 þann 23. ágúst og var boðið uppsett verð í íbúðina. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.
3. **Tilboð í íbúð 0102**, dags. 15. ágúst 2019. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Undirrituð leggur til að bæjarráð, í sumarleyfum bæjarstjórnar, samþykki framangreint tilboð í íbúðir 0201, 0104 og 0102 í samræmi við 4. mgr. 8. gr. samþykkta um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, sem er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.“